



Áhugasömum skákrökkum á barna-og unglingsaldri sem æfa með íslenskum skákfélögum stendur til boða tveggja daga æfinga- og skemmtiferð á vegum Skákdeildar Fjöl意思 og Skákakademíu Reykjavíkur. Skákbúðirnar verða í sumarbúðum KFUM í Vatnaskógi. Í skákinni skiptir aldur litlu máli.

Umsjón og fararstjórn verður á höndum þeirra Helga Árnasonar formanns Skákdeildar Fjöl意思 Andreu Margrétar Gunnarsdóttur og Stefáns Bergssonar framkvæmdastjóra Skákakademíunnar.

Fjórir frábæriri skákkennarar, Þau Helgi Ólafsson stórmeistari. Lenka Ptacnikova stómeistari kvenna, Stefán Bergsson og Björn Ívar Karlsson frá Skákakademíu Reykjavíkur sjá um skákkennsluna og skákmótið sem boðið verður upp á.

Aðstaða öll í Vatnaskógi telst einstök fyrir skákbúðir og þar er umhverfið fallett. Birkiskáli er glæsilegur svefnskáli og íverustaður fyrir samstilltan hóp. Í frjálsum tíma er boðið upp á aðstöðu í tómsundaherbergi og stórum íþróttasal.

Verð á hvern þátttakanda er **7500 kr** fyrir þessa tvo daga. Innifalið i gjaldinu er allur matur, kennsla, skálaleiga, námsgögn,verðlaun og þátttaka í hraðskákmóti.

Þátttakendurur eiga ekki að hafa með sér nesti né peninga til ferðarinnar. Rútuferð fram og til baka er **2500 kr** til viðbótar.

Kostnaður því samtals **10.000 kr.**

Reglur eru í gildi í ferðinni líkt og um skólaferðalag væri að ræða. Brjóti nemandi alvarlega af sér verður hann við fyrsta tækifæri sendur heim á kostnað foreldra.

Skákbúðir í Vatnaskógi er einstakt tækifæri sem hefur staðið skákrökkum til boða á vegum Skákdeildar Fjöl意思 frá árinu 2011. Skráning fer fram á skrifstofu Skáksambands Íslands s. 568 9141 netfang skaksamband@skaksamband.is og hjá Upplýsingar veitir Helgi Árnason s. 664 8320.

SKÁKBÚÐIR Í VATNASKÓGI dagana 7. – 8 . mars 2015

Heppilegt er að hafa meðferðis:

- Svefnpoka eða sængurfatnað
- Fatnað til skiptanna (nærföt, sokka, buxur, skyrtu, peysu)
- Lopapeysu, vettlinga, ullarsokka, trefil og húfu
- Vindheldan galla
- Stígvél og inniskó
- Íþróttfatnað
- Handklæði, tannbursta og tannkrem
- Skemmtileg spil
- Myndavél / Ipod (ekki tekin ábyrgð á þessum tækjum)

Dagskrá skákbúða 7. – 8 . mars 2015:

laugardagur : 7. mars

- | | |
|-----------|---|
| kl. 10:00 | Brottför frá BSÍ |
| - 10:15 | Brottför frá N1Ártúnsbrekku |
| - 11:00 | Móttaka í Vatnaskógi |
| - 11:30 | Frjáls tími í íþróttahúsi |
| - 12:30 | Hádegisverður. |
| - 13:15 | Skákkennsla (hópar) |
| - 15:00 | Kaffi. |
| - 15:30 | Frjáls tími í íþróttahúsi |
| - 17:00 | Skákkennsla |
| - 19:00 | Kvöldverður. |
| - 19:30 | Frjáls tími í íþróttahúsi |
| - 20:30 | Kvöldvaka, tvískák og spilatími |
| - 22:00 | Kvöldhressing |
| - 23:00 | Hljóð komið á í herbergjum í Birkiskála |

sunnudagur : 8. mars

- | | |
|-----------|----------------------------------|
| kl. 09:00 | Morgunmatur |
| kl. 10:00 | Skákkennsla |
| kl. 11:45 | Hádegismatur |
| kl. 12:30 | Góu páskaeggjaskákmótið |
| kl. 14:30 | Verðlaunaafhending - Dagskrárlök |
| kl. 14:45 | Heimferð frá Vatnaskógi |
| kl. 15:45 | Ferðarlök við BSÍ |

Skákdeild Fjölnis



Skákakademía Reykjavíkur



SKÁKAKADEMÍA
REYKJAVÍKUR